

# ÆDALFUNDUR FÉLAGS MÁLMÍÐNAÐARMANNA AKUREYRI

## 28. FEBRÚAR ÁRIÐ 2017

**Var fundurinn haldinn í alþýðuhúsinu Akureyri og hófst kl 18:00**

Bauð Formaður fundagesti velkomna og setti fundinn. Mættir voru 42 félagsmenn með stjórn FMA. Því næst las formaður upp fundarboðið eins og það var sent út og kynnt, því næst óskaði hann eftir athugasemdum ef einhverjar væru við boðun fundarins. Engar athugasemdir komu og var fundarboðið samþykkt af fundargestum ásamt því að formaður ályktaði í framhaldinu fundinn löglegan og ályktunarhæfan.

Því næst var varaformaður félagsins Jóhann Valberg kosinn fundarstjóri, að því loknu bauð formaður félagsmönnum upp á hressingar í formi mexíkanskar kjúklingasúpu og tertu í eftirrétt.

Fundarstjóri tók við fundinum og fór yfir dagskrá fundarins og bauð hann því næst formanni að flytja skýrslu stjórnar.

Að lokinni skýrslu formanns fór Hermann Brynjarsson yfir ársreikninga FMA fyrir árið 2016.

Því næst voru umræður og fyrirspurnir um skýrslu stjórnar og gjaldkera. Spurt var út í hvaða útistandandi kröfur þetta væru hjá FMA sem endurskoðandinn fór yfir í skýrslu sinn, en endurskoðandi gjaldfellir þær kröfur varlega og samkvæmt reglum. Fór formaður yfir þær kröfur félagsins sem sneru að fyrirspurninni, þetta væru að hluta skuldir eldri gjaldþrota fyrirtækja sem haldið hefði verið vakandi, ásamt gömlum skuldum sem ekki væri búið að hreinsa út. Formaður fór svo yfir nýtt innheimtakerfi og að MOTUS muni hér eftir innheimta fyrir FMA og með þeirra tilkomu munu allir greiðandi aðilar á skilagreinum félaga frá og með áramótum greiða hvern mánuð fyrir sig. Þá safnast ekki upp ógreiddar skilagreinar upp eins og hefur borið fyrir í eldra kerfinu og síður muni tapast háar upphæðir ef um gjaldþrot verður að ræða. Spurt var hvernig afskriftir Fjölnisgötunar virki. Útskýrði Hermann það vel, en þá væru að heildarupphæð kaupanna hafi verið deilt niður á 40. Ár og eftir hvert ár afskrifist 1/40 af upphæðinni.

Að því loknu voru reikningar félagsins samþykktir einróma.

Því næst fór fram kosning stjórnarmanna til næstu tveggja ára.

Formaðurinn Jóhann Rúnar Sigurðsson bauð áframhaldandi starfskrafta sína, komu engin mótframboð. Var hann kosinn með lófataki.

Ritari Jón Ingi Sævarsson bauð sig áfram og voru engin mótframboð og var hann kosinn með lófataki. Tveir meðstjórnendur, Arnþór Örlygsson og Bóas Ingi Jónasson buðu sig fram og komu engin mótframboð. Voru þeir kosnir með lófataki.

Þrír í varastjórn. Björn Sveinsson, Ásmundur K. Sigurðsson og María Fernanda Reyes, komu engin

mótframboð. Voru þau kosin með lófataki.

Tveir skoðunarmenn voru kosnir til eins árs. Brynjólfur Jónsson og Finnbogi Jónsson voru kjörnir. Einn varaskoðunarmaður var kosinn og var Hákon Hákonarson kosinn til eins árs.

Tillaga var um óbreytt félagsgjald eð 1% af launum. Var það samþykkt

## Önnur mál.

### a. Lagabreytingar:

Tók formaður til máls og þakkaði traustið sem honum og öðrum stjórnarmönnum sé sýnt.

Kynnti formaður síðan lagabreytingar þær sem stjórn hefur áhuga á að breyta og snúa að kafla 4. í lögum félagsins um fundi og stjórnarkjör. Í 18 gr í lögum félagsins segir „Aðalfundur skal haldinn fyrir lok febrúar ár hvert“

Tillaga stjórnar er eftirfarandi „Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok marsmánaðar ár hvert“  
Var það einróma samþykkt.

### b. Kjarakönnun:

Formaður fór því næst yfir kjarakönnun FMA og lýsti áhyggjum sínum yfir dræmri þátttöku félagsmanna FMA, en út af því var tekin sú ákvörðun að hafa könnunina opna í 2 vikur til viðbótar í þeirri von að fleiri taki þátt. Hvatti hann félagsmenn að taka þátt og einnig að ýta aðeins á vinnufélaga til þátttöku.

## C. Forsenduákvæði:

Fór formaður yfir forsenduákvæði kjarasamninganna. Sagði að í þessum töluðu orðum væru viðræður í gangi hjá miðstjórn ASÍ, og jafn vel að á þessum tímamarki væri komið í ljós um endanlega niðurstöðu og ákvörðun félaganna um hvaða leið skyldi valin en samningsréttur okkar lægi hjá Samiðn og í síðustu endurskoðun árið 2016 var kosið um þá leiðréttingu sem í boði var á vettfangi ASÍ heildarsamtakana. Í raun væri því samningurinn hjá ASÍ og að menn yrður þá að draga samningsréttin þaðan út í byrjun ef segja ætti samningunum upp. Niðurstaða miðstjórnar Samiðnar á fundi var að menn myndu fylgja sameiginlegri niðurstöðu samtakana í þetta sinn og að sú niðurstaða um leið og hún væri orðin ljós yrði sett á heimasíðu FMA sem væri þá strax að loknum fundi. Því næst fór hann yfir glærur sem að lágu fyrir frá ASÍ um forsendur á kjarasamninginum og útskýrði hann svo hvernig forsenduákvæðið virkar. Samkvæmt þessu stenst kaupmáttaraukning félagsmanna og fjármögnun ríkisins til stofnframlaga ríkisins til 2.300 almennra íbúða á árunum 2016-2019 sem ASÍ og SA eru þátttakendur í og varðar ódýrari íbúðir á markaðinn og í anda félagslegs íbúðakerfis. L aunaþróun annara hópa hins vegar stenst ekki og launaþróunartrygging félaga hjá ASÍ væru 2% hækkun á taxta ef miðað væri við samning við kennara. Síðan væri alveg ljóst að dómarrar, alþingismenn ofl. sem undir kjararáðsdómnum hefðu einnig skekkt þessa mynd. Ræddi formaður um stöðu iðnaðarmanna samkvæmt síðusta samningi innan ASÍ að iðnaðarfélögin færu ætíð halloka gagnvart hækkunum gagnvart

Ófaglærðum og staðfesti súluritið það sannarlega og þannig væri það ætíð í samningum sem gerðir væru á heildarsamstæðu innan ASÍ að verkamannafélögin fengju alltaf mestu hækkunirnar. Það væri að sjálfsögu þannig að lægstu launin séu sannarlega langt frá því að vera í lagi en það megi ekki skekkja myndina þannig að það væri lítill sem enginn munum á iðnlærðum einstaklingi og ófaglærðurm aðila. Menn ættu langt í land með lægstu launin en þarna þarf að vera ákveðið bil á milli og ef menn áttuðu sig ekki á því ættu iðnfélögin að íhuga að slíta sig frá ASÍ, það kæmi betur fyrir okkur gagnvart kjarasamningum og hefði gert það í síðustu tvö skipti sem við höfum samið utan ASÍ. Spurt var hvort iðnfélögin væru betur búin utan ASÍ? Svaraði formaður því játandi hvað sína skoðun varðaði og best væri ef iðnaðarmenn væru með alla sína starfsemi undir einu þaki, með sína eigin hagfræðinga og lögmenn svo eitthvað sé nefnt. Spurt er „eru iðnaðarfélögin að átta sig á því að það sé betra að vinna saman“ Svaraði formaður því að að svo sé og formenn VM og FIT séu að eigna sér þá samvinnu sem búin er að vera og þá er ég sáttur“ „Svarar þetta spurningu þinni“ svarar formaður.

Sagt var úr sal að endurskoðunarákvæði kjarasamninganna séu eingöngu vopn í höndum SA, þau eigi að vera „rauð strik“ það hefur virkað og ætti að notast meir. Formaður svaraði að hann sé að mörgu leiti sammála fyrirspyrjandanum. Að lokum bað Þórarinn Hjartarson um orðið og fór í pontu og fór með baráttuvísi eftir Sigmund Benediktsson um verkalýðsbaráttuna. Fleiri mál undir liðnum önnur mál var stjórn ekki með.

En undir liðnum önnur, önnur mál var spurt var hvort FMA hafi verið að passa upp á sína trúnaðarmenn, þ.e.a.s. að þeir séu fullgildir og réttkjörnir á sínum vinnustöðum. Kom viðkomandi með áskorun til stjórnar FMA að efla launaseðla læsi, því sú staðreynd er að launaseðlar geta veri torlæsir. Segir formaður að það sé verið að vinna í því að endurnýja kosningar trúnaðarmann FMA og verður passað uppá það að þeir séu ávallt réttkjörnir á tveggja ára fresti. Bendir formaður á að eftirlitsmenn stéttarfélaganna séu að skoða launaseðla hjá þeim fyrirtækjum er þeir skoða og hafa gert einhverjar athugasemdir. Bendir formaður einnig á að ef mönnum finnst sinn launaseðill eitthvað skrytinn geti menn komið með hann á skrifstofu FMA, sýnt hann trúnaðarmanni eða farið með hann beint á skattstofuna, þar sé hægt að athuga með hvort launaseðillinn sé löglegur.

Spurt var „Geta fyrirtæki ráðið uppsetningu launaseðla sinna eða eru einhverjar reglur“ Svaraði formaður því að það séu vissar reglur á uppsetningu launaseðla og hvað þurfi að koma fram.

Var stungið upp á því úr sal að FMA setji á heimasíðuna lög og reglugerðir um launaseðla.

Í lok fundar bar gjaldkeri upp tillögu á hækkunum til launa stjórnar FMA. Er það hækkun frá kr. 10.000.- upp í kr 12.000.-. Var það samþykkt.

Fundarstjóri bauð því næst formanni að slíta fundi.

### **Fleira var það ekki og var fundi slitið kl 20:18**

Þess skal getið sérstaklega að úr varastjórn til fjölda ára hætti Einar Brynjarsson og þakkar félagið honum vel unnin störf þar og í samninganefnd félagsins sem og trúnaðarmannastörfum þeim sem hann hefur gengt fyrir félagið en hann hætti á síðasta ári í því starfi einnig.